

# 2012

Skógrækt ríkisins

Valdimar Reynisson  
Skógarvörður á  
vesturlandi



## [ÁRSSKÝRSLA VESTURLANDSDEILDAR 2012]

## Efnisyfirlit:

Efnisyfirlit:.....	1
Inngangur .....	2
Jarðir í umsjón og eigu Vesturlandsdeildar .....	2
Dalabyggð:.....	2
Stykkishólmur:.....	2
Snæfellsbær:.....	2
Borgarbyggð: .....	2
Skorradalshreppur:.....	3
Hvalfjarðarstrandarhreppur: .....	3
Hafnarfjörður:.....	3
Árið 2012 .....	4
Nýr Skógarvörður .....	4
Veðurfar.....	4
Skógarskaðar .....	5
Gróðursetning .....	5
Grisjun .....	7
Viðarvinnsla .....	7
Aðrar viðarafurðir .....	9
Vegagerð .....	10
Vélar og tæki .....	10
Jólatré.....	11
Slys.....	12
Mannahald .....	12
Heimsóknir .....	12
Lokaorð.....	13

Forsíðumynd: Gamli bærinn á Stálpastöðum haustið 2012. Mynd VR

## **Inngangur**

Það má segja að árið 2012 hafi verið nokkuð viðburðaríkt hjá Vesturlandsdeild Skógræktar ríkisins. Nýr skógarvörður tók til starfa, hafið var samstarf við Landsvirkjun um gróðursetningu í Laxaborg. Stórt viðarvinnsluverkefni kom inn á borð til okkar, brúargólfið á þingvöllum. Einnig var töluverð aukning á sölu á timbri og eldiviði en sala á hnausaplöntum dróst saman. Jólatrén gengu vel og töluverð grisjun fór fram á vegum deildarinnar þó að veturinn hafi verið snjóbungur framan af ári og erfitt var að komast út í skóg. Tveir starfsmenn hættu störfum, og fjórir nýir voru ráðnir um haustið.

## **Jarðir í umsjón og eigu vesturlandsdeildar**

Vesturlandsdeild Skógræktar ríkisins á eða hefur umsjón með 29 jörðum og jarðarpörtum dreifðum um starfsvæðið þessar jarðir eru listaðar upp hér á eftir eftir landsvæðum. Mest starfsemi er í Skorradal enda er stafstöðin þar.

### **Dalabyggð:**

Ytra – Fell á Fellsströnd 22 ha eignarland.

Staðarfellsgirðing á Fellsströnd, 50 ha umsjónarland í eigu ríkisins.

Skógar á Fellsströnd. Eign skógræktarinnar, ca 200 ha innan girðingar

Hvammur í Hvammssveit, 55 ha umsjónarland í eigu ríkisins.

Hjarðarholtsgirðing í Laxárdal. Reiturinn er ca 2 ha og eign skógræktarinnar

Laxaborg í Haukadal. Eign skógræktarinnar. Girðingin er um 50 ha.

Ketilsstaðir í Hörðudal. Leiguland leigt af eigendum jarðarinnar. Girðingin er tvískipt samtals 4,8 ha.

### **Stykkishólmur:**

Sauraskógur í Helgafellssveit. Eign skógræktarinnar en leigt til Skógræktafélags Stykkishólms. Tvær landspildur samtals 50 ha.

### **Snæfellsbær:**

Gufuskálar eign Skógræktar ríkisins.

### **Borgarbyggð:**

Hvítsstaðir – Árbær. Skógræktin á hálfu jörðina óskipta á móti Hvítsstöðum ehf. Jörðin er ca 300 ha

Hvammur í Norðurárdal. 44 ha eignarland.

Hreðavatn í Norðurárdal. Leiguland 400 ha innan Ystutungugirðingar.  
Þær breytingar urðu um áramótin 2012 -2013 að þessum leigusamningi var rift.

Jafnaskarðsskógur í Stafholtstungum.130 ha eignarland Skógræktar ríkisins innan Ystutungugirðingar.

Litla – Skarð í Stafholtstungum. 305 ha eignarland innan Ystutungugirðingar.  
Litla – Skarð orlofshús rekið af Skógræktinni og Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytinu.

Sauðhússkógur í Stafholtstungum. 110 ha umsjónarland innan Ystutungugirðingar.

Ystutungugirðing í Stafholtstungum. 2.722 ha umsjónarland sem nær yfir 9 jarðir og jarðarparta.

Norðtunguskógur í Þverárhlið.140 ha eignarland.  
Skógarkot orlofshús. Leigt Félagi Íslenskra Náttúrufræðinga.

Arnbjargarlækjargirðing í Þverárhlið. 33 ha leiguland leigt af eiganda jarðarinnar.

Grímsstaðagirðing í Reykholtsdal. 4,7 ha eignarland.

### **Skorradalshreppur:**

Hvammur í Skorradal 35 ha eignarland.

Starfstöð Vesturlandsdeildar. Skrifstofa, Starfsmannahús, Útihús Hvammi og Hvammshlíð

Stálpastaðir í Skorradal. Eignarland 345 ha innan girðingar.

Sarpur í Skorradal. Eignarland 150 ha innan girðingar.

Efsti – Bær í Skorradal. Óskipt sameign með Guðmundi Brynjólfi Ottesen og Stefáni Ármannssyni. Ca 1700 ha innan Skorradalsgirðingar.

Bakkakot í Skorradal. Eignarland um 450 ha innan Skorradalsgirðingar.

Vatnshorn í Skorradal Óskipt sameign með Skorradalshreppi þar sem Skógræktin á 86% , 974 ha innan Skorradalsgirðingar.

Stóra – Drageyri í Skorradal. Umsjónarland um 1000 ha innan Skorradalsgirðingar.

Selskógur í Skorradal. Eignarland 50 ha. innan Skorradalsgirðingar.

### **Hvalfjarðarstrandarhreppur:**

Vatnaskógur í Svínadal. Umsjónarland.

### **Hafnarfjörður:**

Straumur 2000 ha eignarland.

## Árið 2012

### Nýr Skógarvörður

Þann 1.febrúar lét Birgir Hauksson af starfi skógarvarðar og minnkaði starfshlutfall sitt niður í 40%. Birgir starfar enn hjá deildinni við ýmis störf t.d að hafa umsjón með Litla-Skarði og ýmsum girðingar og skipulagsmálum sem að hann hafði haft á sinni könnu áður en skógarvarðarskiptin fóru fram. Hann hefur starfstílinn aðstoðarskógarvörður.

Nýi Skógarvörðurinn er Valdimar Reynisson búsettur á Hvanneyri. Valdimar hefur langa reynslu af skógrækt hann vann meðal annars hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur í Heiðmörk um 11 ára skeið.

#### Menntun:

Stúdent frá Menntaskólanum við Sund 1985

Garðyrkjuskóli ríkisins umhverfisbraut 1990

Landbúnaðar Háskóli Íslands Bsc í skógfræði 2007. Lokaverkefni „Áhrif umhverfispáttá á vöxt lerkis“

Sveriges lantbrukuniversitet Msc í skógfræði 2011. Lokaverkefni „Comparison of growth and yield of Norway spruce *Picea abies* and Sitka spruce *Picea sitchensis* in Skorradalur west Iceland“

#### Störf:

1990-2001 Skógræktafélag Reykjavíkur. Verkstjóri í Heiðmörk

2001-2004 Sólheimar í Grímsnesi. Forstöðumaður umhverfismála og búskapar.

Sumar 2005 og 2006 Skógrækt ríkisins. Sumarstarfsmaður í Skorradal

Sumar 2007 Héraðs- og Austurlandsskógar. Úttekt á lifun skógarplantna á jörðum verkefnisins.

2008-haust 2011 Verktaki í skógrækt.

Haust 2011- 1 feb 2012 Skógrækt ríkisins. Aðstoðarskógarvörður á Vesturlandi.

1 feb- Skógrækt ríkisins. Skógarvörður á Vesturlandi.

### Veðurfar

Veðurfar ársins 2012 var mjög breytilegt. Fyrstu 3 mánuðir ársins voru mjög snjópungir og hvassir. Það var óvenju mikil suðvestanátt á þessum tíma. Síðan tók við langt þurrkatímabil eða frá apríl fram í ágúst. Sumarið var hlýtt og þurrt og olli það nokkrum áhyggjum. Bæði var mikil eldhætta í skógunum og svo vorum við að planta stórum öspum og einnig bakkaplöntum. Haustið og seinnihluti ársins var svo frekar umhleyplingarsamur reyndar voru nóvember og desember frekar svalir. Yfirlit yfir ári sést á töflu 1 sem fengin er frá Veðurstofu Íslands þetta eru upplýsingar frá Hvanneyri sem er næsta veðurstöð við Skorradal .

Tafla 1 Veðurfarslýsing fyrir Hvanneyri sem er næsta veðurstöð við Skorradal. upplýsingar veðurstofa Íslands

Hvanneyri								
stöð	ár	mán	meðalhiti	hámark	lágmark	meðalvindhr	mesti vindhr	úrkoma
-	-	-	°C	°C	°C	m/s	m/s	mm
1779	2012	1	-0,3	11,1	-14,0	5,2	23,1	142,1
1779	2012	2	2,4	10,3	-9,8	6,2	18,2	186,6
1779	2012	3	3,1	11,7	-11,0	6,7	20,6	164,4
1779	2012	4	3,7	11,4	-5,7	4,6	13,0	22,0
1779	2012	5	6,1	20,5	-6,1	4,4	14,1	23,5
1779	2012	6	10,6	21,3	2,1	3,6	10,7	8,1
1779	2012	7	12,1	21,6	2,9	3,4	9,9	32,8
1779	2012	8	11,7	21,6	-1,4	4,1	11,8	56,6
1779	2012	9	6,4	14,0	-5,6	3,7	14,1	82,4
1779	2012	10	2,5	11,4	-11,4	3,6	13,4	64,2
1779	2012	11	-0,5	8,6	-9,6	4,6	15,9	68,4
1779	2012	12	0,0	8,7	-10,5	5,1	17,6	38,4
		<b>árið</b>	<b>4,8</b>	<b>21,6</b>	<b>-14,0</b>	<b>4,6</b>	<b>23,1</b>	<b>889,5</b>

## Skógarskaðar

Það er ekki hægt að segja að mikilir skógarskaðar hafi orðið á Vesturlandi árið 2012, Veturinn var snjóþungur og af þeim orsökum varð nokkuð snjóþrot í Stafafuru og Sitkagreni í landi Efstabæjar og í umþaðbil 0,3 ha reit á Stóru Drageyri í Skorradal. Í Efstabæ var snjóbrotið aðalega við læki og í útkanti þar sem lautir voru í landinu. Þessi tré voru riflega mannhæðar há.

Aðrir skaðar voru ekki teljandi. Þó féllu ca 40 tré um koll á Stálpastöðum. Þetta fall varð á víð og dreif um skóginn en ekki á einum afmörkuðum stað. Þó má segja að mest af fallinu hafi orðið í grisjuðum reitum t.d reit nr 276 sem er stafafura frá 1958 sem var grisjuð niður í 1000 tré/ha haustið 2009.

Í Laxaborg höfðu geitur komist inn í skógræktina haustið 2011 og hreinsað börkinn af um 70 öspum sem náð höfðu um 4 metra hæð. Þessar aspir eru allar dauðar. Skógarvörðurinn fór og sagaði þær niðu í þeirri von um rötarskot en lítið bar á þeim í sumar.

## Gróðursetning

Sumarið 2012 var gróðursett í Laxaborg sem er 47 ha jarðarpartur í Haukadal í Dalasýslu.

Á landinu er gamall hrörlegur sumarbústaður sem reistur er skömmu eftir 1943 og í kringum hann er gamal trjáreitur sem líklegt er að hafi verið byrjað að planta í fyrir 1950. Í þessum reit eru ýmsar tegundir eins og birki, stafafura, lerki, fjallþinur, ilmreyni, alaskaösp, sitkagreni og fleira.

Gróðursetningin í Laxaborg var í samstarfi við Landsvirkjun. Í gömlu túnin voru settar Alaskaaspir (*Populus trichocarpa*) sem verið höfðu á beði á Vöglum í einhver ár. Það voru því miklar lengjur sem komu að norðan (allt að 4 metrum). Alls komu 1350 aspir að norðan í þetta skiptið. Þeim var plantað með 3x3m millibili í gömlu túnin. Mikil grasvöxtur er þarna og var Guðmundur Geirsson í Geirshlíð



fengin til að slá túnin með ruddasláttuvél áður en hafist var handa. Hann boraði einnig fyrir plöntunum með staurabor aftan á dráttarvél. Hann var líka með haugsugu með vatni sem hann vökvaði plönturnar með. Þegar búið var að planta í túnin þá var hafist handa við að planta birki og furu í mólendið sem er þarna á milli mýraflákanna. Alls var plantað 7236 stafafurum (Pinus contorta) kvæmið var Skagway og 6700 birki (Betula pubescens) af Bolholtskvæmi. Þetta voru allt plöntur úr 67hólfa fjölpottabökkum, plönturnar voru framleiddar hjá Sólskógum. Í heildina var plantað 15286 plöntum í Laxaborg sumarið 2012.



**Mynd 1** Trjálundurinn í kringum gamla húsið í Laxaborg

Landið var girt árið 1992 og 1993 árið 2012 var 1 km endurgirtur. Landstærðin er 47 ha og liggur landið með Haukadalsá. Landið er frekar blautt á köflum en gróðursetningarhæft land er um 15ha.



**Mynd 2** Bræðurnir Leifur og Guðni gróðursetja aspir í gömlu túnin á Laxaborg, í bakgrunni er Gummi í Geirshlíð að bora fyrir öspum.

Áætlað er að planta 2200 sitkagreniplöntum og 1061 stafafurum árið 2013 og svo meira af ösp 2014. Gróðursetningarnar eru unnar samkvæmt áætlun sem Rúnar Ísleifsson gerði vorið 2011.

## Grisjun

Árið 2012 voru grisjaðir um 2,96 ha á Stálpastöðum bæði fura og greni.

út úr þessum 2,96 hektörum komu 302 m<sup>3</sup> af við, sem fór ýmist í kurlun eða flettingu, 155m<sup>3</sup> fóru í spónagerð og 56,6 m<sup>3</sup> fóru í Elkem.

Tafla 2 Yfirlit yfir grisjanir hjá vesturlandsdeild 2012

Reitur	aldur	Tegund	Flatarmál ha	M <sup>3</sup> út
Hvammshlíð		SF	0,7	50
414	55	SG	0,3	60
416	55	RG	0,2	10
418	55	RG	0,46	40
463	55	SG	0,3	60
279	53	RG	0,7	75
457	42	RG	0,3	15
<b>Samtals</b>			<b>2,96</b>	<b>310</b>

## Viðarvinnsla

Vinnslaviðar er alltaf að verða stærri hluti af starfsemi Skógræktar ríkisins. Eitt af stærri verkefnum Vesturlandsdeildarinnar árið 2012 var að saga efni í brúargólf göngubrúar yfir stóra gjá sem myndaðist í Mannagjá á Þingvöllum. Þessi brú er mikið mannvirki, enda er umferð um hana mikil. Þessi pöntun varð ein sú stærsta á íslenskum viðum fram til þessa. Frá okkur fóru 1290 lengdarmetrar af 7,3 x 15 cm plönkum. Hver planka var 3m langur. Heildarmagn sagnaðs efnis var rúmlega 14 m<sup>3</sup>.



Mynd 3 Brúarefnið kantsagað, hér er verið að taka bol í þá breidd sem efnið átti að vera síðan fór efnið í rammasögina til fullvinnslu.

Þar sem að það stóð á endanleg pöntun frá Þingvallamönnum varð að bregðast skjótt við. Það var unnið af miklum krafti, jafnvel svo miklum að tré voru felld að degi og þeim flett að kvöldi. Það má með sanni segja að starfsmenn Vesturlandsdeildar hafi lagt nótt við nýtan dag til að klára verkið.

Timburstæðan sem skógarvörðurinn hafði ætlað til verksins reyndist vera ónothæf vegna þurrks. Efnið var farið að springa svo mikið. Að auki var kominn í það sveppur sem gerði timbrið brúnt.



Eitthvað smávegis var þó til af nýtanlegu efni úr reit 429 á Stálpastöðum sem er sitkagreni (*Picea sitchensis*) frá Homer. Það þurfti því að fara út í skóg að fella í þetta verkefni. Fyrir valinu varð reitur 414 á Stálpastöðum sem er með 56 ára gömlu sitkagreni (*P. sitchensis*) af blönduðu kvæmum annarsvegar Seward og hinsvegar Mc Cloud. Þarna voru sver og mikil tré og því tiltölulega fljótlegt að sækja það efni sem til þurfti. Meðalhæð trjáanna er 14-15 metrar. Byrjað var að fella og keyra út efni þann 11. júní og stóð sú vinna yfir með hléum til 22. júní.



**Mynd 4 Fullunnið brúarefni**

Byrjað var að fletta þann 4. júní og var þá byrjað á því efni úr reit 429 sem nýtanlegt var, síðan var unnið efni sem nýbúið var að fella á Stálpastöðum í Skorradal. Fyrst var unnið við að kantsaga efnið í bandsög og var unnið við sögunina samhliða grisjun og útkeyrslu. Þann 7. júní var byrjað að saga efnið með rammásög og stóð það verkefni yfir á tímabilinu 7-29. júní með hléum.



**Mynd 5 Farmur tilbúinn til flutnings.**

Timbrið var sótt til okkar í þremur ferðum. Fyrsta afhending á efni var 19.júní. Önnur afhending var 27. júní og síðasta afhending á efni var 4. júlí. Var það flutt beint á Þingvöll og unnið nánast beint af bílnum. Smiðirnir sem unnu við verkið gerðu góðan róm af efninu og kemur þetta mjög vel út á brúnni í Almannagjá. Það verður spennandi að sjá hvernig brúin endist. Það mæðir mikið á henni því þarna fara mörg hundruð þúsund manns um á hverju ári.



Mynd 6 Brúin komin í notkun, þetta lítur vel út.

### Aðrar viðarafurðir

Sala á timbri var nokkur hjá deildinni. Mest var selt af ókönntuðu klæðningarefni. Oftast er um smáar pantanir að ræða en þó eru undantekningar þar á. Má þá nefna Landbúnaðarsafn Íslands sem að keypti 88 m<sup>2</sup> af 30 mm þykku efni, 55m<sup>2</sup> af 25mm þykku efni og 150 lengdarmetra af 2"x 4". Auk timbursölu var sala á öðrum viðarafurðum nokkur. Má þar nefna kurlisölu sem var nokkuð góð og einnig sölu á eldiviði. Þessi viðarafurðasala er nánar tíunduð í töflu 3.

Tafla 3 Yfirlit yfir afgreiddar viðarafurðir árið 2012, Mosi er spónaframleiðandi.

	Afurð	m3	m2	lm	stk	ath
Eldiviður	Stórsekkir	3				
	Grisju pokar	12			176	stk fljöldi umreiknaður í m3
kurl	Stórsekkir	112				
	Grisju pokar	3			61	stk fljöldi umreiknaður í m3
Bolviður	kurlefni	137		555		m3 er fyri Mosa, lm er lausasala
	Flettiefni			81		lausasala
borðviður ókantaður	19mm		30			
	25 mm		152			
	30 mm		91			
	32 mm		36			
	50 mm		6			
	óflokkað			162		
Borðviður kantaður	50 x 100			150		
	73x 150			1290		
	spírur 6-7 m				300	
	Bök	18			9	bretti, m3 er fyrir Mosa

## Vegagerð

Undir lok árs var forunnið um 2 km af vinnubrautum í skóginum á Stálpastöðum. Verkið vann verktakafyrirtækið Suðurverk. Keyrt verður efni ofan í brautirnar 2013. Þessar brautir eru undirstaða þess að hægt sé að grisja og ná út því efni sem til fellur við grisjanir. Ekki er um nýjar brautir að ræða heldur endurnýjun á gömlum brautum sem lagðar voru fyrir lítinn Ferguson fyrir löngu síðan.

## Vélar og tæki

Til eru 3 dráttavélar hjá deildinni.

Valtra Valmet 8050 árg 2001 sem er 110 hö hún er notuð við útkeyrslu á viði úr skóginum.

Valtra Valmet A85 árg 2009 88 hö með ámoksturstækjum, þessi vél er mikið notuð í snatt t.d til að afgreiða kurl á sumrin og flytja timbur þegar verið er í viðarvinnslu.

Valtra Valmet 700 árg 1999 70 hö mest notuð við spilun, knýja kurlarann og eldiviðakleyfann.

Einnig er til eldiviðarkleyfir gamall frá Vöglum dráttarvélarknúin.

Trjácurlari Farmi dráttarvélaknúinn.

Nokka viðarvagn frá 2009

Viðarspil gamalt

Woodmizer bandsög gömul. Kom frá Hallormsstað.

Logosol 330 rammasög sameign Vesturlandsdeildar og suðurlandsdeildar.

Terex grafa sem var til hjá deildinni var seld í mars.

Polaris Sportsman 500 6x6 sex hjól 2003 árgerð

Einnig á deildin 2 Mitsubishi L200 Double Cap bíla.



Mynd 7 Stóri Valmetinn með viðarvagninum. Verið er að afferma vagninn í stæðu.

## Jólatré

Jólatrjársla 2012 var sæmileg. Illa leit út með heimilistré sérstaklega í furu og voru sóttar um 40 furur í Mosfell á Suðurlandi. Sundurliðun á jólatrjánum eftir tegundun og og stærðarflokkum er í töflunni hér fyrir neðan.

Tafla 4 Yfirlit yfir seld jólatré árið 2012

Jólatré 2012						
stærðarflokkur m	Rauðgreni	Blágreni	Sitkagreni	Stafafura	Fjallapínur	Samtals
0,7-1,0				16		
1,01-1,2				15		
1,21-1,5	6			14		
1,51-1,75	12			20		
1,76-2,0	9			21		
2,01-2,5	5	1		6		
2,51-3,0	4		1	3		
3,0-4,0	1		4		1	
4,01-5,0			8			
5,01-6,0			6			
6,01-7,0			10			
7,01-8,0			4			
8,01-9,0			10			
9,01-10,0			6			
10,01-11,0						
11,01-12,0			1			
Óflokkað	19	1		15		
Samtals	56	2	50	110	1	219
Greinar kg				45	45	90

## Slys

Við hjá Vesturlandsdeildinni höfum verið mjög lánsamir hvað slys varða en þó varð alvarlegt vinnuslys við grisjun á Stálpastaði í desember.

Þann 18. desember varð alvarlegt keðjusagarslys í skóginum. Einn starfsmaður varð fyrir því óhappi að saga í kálfann á sér með keðjusög. Þetta varð ljótt sár sem tók í sundur eitthvað af taugum og sinum en hásinin slapp. Þegar þetta er skrifað á starfsmaðurinn enn í þessu og ekki er vitað hvort eða hvenær hann kemur aftur til starfa.

## Mannahald

Nokkrar breytingar urðu á mannahaldi deildarinnar árið 2012. Í upphafi árs voru 4 skógarhöggsmenn, aðstoðarskógarvörður og skógarvörður við störf hjá deildinni samtals 6 menn.

Mikið var um frí hjá starfsmönnum deildarinnar þannig að stóran hluta af árinu voru einungis tveir menn í starfi auk skógarvarðar aðstoðarskógarvarðar í hlutastarfi og sumarstafsmanna. Í október voru ráðnir 4 menn til prufu og eru þeir enn starfandi.

## Heimsóknir

Á árinu 2012 heimsóttu 3 erlendir hópar Vesturlandsdeildina.

Þann 28 ágúst komu tveir hópar á sama tíma. Það var Finnskur skógræktarhópur á vegum Friðriks Aspelund. Blandaður hópur skógarbænda flestir frá Mið Finnlandi. Skógarvörður hitti þann hóp rétt í svipinn og sagði þeim frá sögu Stálpastaða og hver starfsemin væri en síðan tók Friðrik við hópnum og lóðsaði hann um skógin. Á sama augna bliku renndi í hlað norskur skógræktarhópur frá Sogn og Fjordane Skogselskap á vegum Einars Gunnarssonar frá Skógræktarfélagi Íslands. Skógarvörðurinn tók þá í göngu um Stálpastaði og var gerður góður rómur að skóginum og sögðu norðmennirnir að þeir hefðu ekki gert sér grein fyrir því að svona vöxtulegur skógur væri á Íslandi.





Mynd 8 Sogn og Fjordane Skogselskap ásamt Einari Gunnarsyni á Stálpastöðum.

Þann 20 september kom svo norskur hópur, Starfsmenn fylkesmannen í Troms á vegum Jóns Loftsonar sem skógarvörður lóðsaði um Borgarfjörðinn. Meðal annars í Landnámsetrið og Mið Fossa einnig var farið í Snorrastofu í Reykholti og garðyrkju bændur á Kleppjárnsreykjum voru heimsóttir. Voru þau almennt ánægð með heimsóknina og var þetta skemmtileg tilbreyting að fá að segja frá öðru en skógi.

### Lokaorð

Eins og sést á þessum skrifum þá var árið 2012 nokkuð viðburðaríkt hjá Vesturlandsdeild Skógræktar ríkisins. Miklar mannbreytingar og margt að sýsla. Viðarvinslan er að verða stærsti þátturinn í starfseminni.

Það eru því spennandi tímar framundan og vonandi verður næsta ár jafn skemmtilegt og það síðasta. Það er allavega mikil grisjun framundan þar sem að búið er að landa samningum við Elkem á Grundartanga.

Valdimar Reynisson Skógarvörður